

54

17. okt.

KONUNGLEG AUGLÝSING

um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þar eð Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vér samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga 30. nóvember 1918, að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkisarfánun.

Því birtum Vér hér með Vorum kærú og trúú þegnum, að hans konunglega tign krónprinz Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg tekur við ríkisstjórn í Voru nafni, frá þessum degi, og þangað til Vér komum heim aftur.

Gjört á Sorgenfrihöll, 17. október 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

55

20. okt.

KONUNGLEG AUGLÝSING

um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda, kunngjörum Vér hér með Vorum kærú og trúú þegnum, að Vér höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 17. þ. m., samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga 30. nóvember 1918, höfðum falið á hendur í fjarvist Vorri hans konunglegu tign krónprinz Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg.

Gjört á Sorgenfrihöll, 20. október 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.